

Matvælastofnun,
Þór Gunnarsson
Austurvegi 64
800 SELFOSS

Garðabær, 14. mars 2014
2014020035/42-0
TB, GG, KHS
jgo/tb

Umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um skeldýrarækt í Mjóafirði

Við er til bréfs frá Matvælastofnun, dags. 26. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Icelandic Mussel Company ehf. um leyfi til skeldýraræktar í Mjóafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend gögn. Málið allt er óljóst hvað varðar magn, svæði („allur“ fjörðurinn), eftirlit og vöktun o.s.frv. Óljóst er hvort gert er ráð fyrir mikilli eða óverulegri röskun á sjávarbotninum. Einnig segir að ætlunin sé að fylgjast með því hvort einhver „breyting verði á botninum undir ræktuninni“ en það er ekkert skýrt nánar. Ekkert kemur fram um lífríki fjaðarins í tengslum við að bæði er gert ráð að rækta á línun og á botni. Þar sem hér er um tilraunaleyfi að ræða gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemd við að leyfið verði veitt en gera verður ráð fyrir að upplýsingar um t.d. botndýralíf og hugsanleg áhrif þar á liggi fyrir þegar og ef farið verður út í ræktun samkvæmt nýtingarleyfi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

